

Fundur í framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar 13. október 2022

Fundarmenn: Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, Einar Már Sigurðarson, Skúli Ólafsson og Birgir Gunnarsson.

Dagskrá:

1. Húsnæðismál Þjónustumiðstöðvar

BG fór yfir stöðu mála en samningur við Framkvæmdasýslu ríkisins um framleigu á Katrínartúni 4 var undirritaður á dögum. Áformað er að rekstrarstofu flytji í Suðurlandsbraut 32 þann 2.nóvember n.k. og biskupsstofa flytji í Grensáskirkju viku seinna.

2. Fjárhagsáætlun 2023

BG fór stuttlega yfir fjárhagsáætlun sem lögð verður fyrir Kirkjuþing. Áætlunin gerir ráð fyrir halla á rekstri næsta árs uppá kr. 18 millj.

3. Mál á Kirkjuþingi

AGS fór yfir þau mál sem nefndin mun leggja fram á Kirkjuþingi.

4. Kostnaðarsamar ákvarðanir tengdar starfsmannamálum

Málið rætt og ákveðið að fá biskup og forseta Kirkjuþings á næsta fund nefndarinnar.

5. Fasteignamál

- a. Reykhólar; fyrir liggur að prestbústaður á Reykhólum verður ekki nýttur af presti og því þarf að fá endurnýjaða söluheimild á eignina.
- b. Skeggjastaðir; fundað var á dögum með sveitarstjóra Langanesbyggðar varðandi Skeggjastaði en sveitarfélagið hefur lýst áhuga á kaupum. Samþykkt var að auglýsa eignina til sölu með forkaupsrétti sveitarfélagsins.
- c. Hof; Veðifélag Hofsár og Sunnudalsár óskar eftir langtímaleigu á tveggja hektara lóð úr landi Hofs undir nýtt veiðihús. Tekið er jákvætt í erindið og verður það skoðað nánar.
- d. Heydalir; Peter Rippin hefur sent inn erindi þar sem falast er eftir skika undir veiðihús úr landi Heydala við Breiðadalsá. Þetta mál verður skoðað samhliða samningi varðandi Hof.
- e. Tilboð í útihús í Reykholti; málið verður skoðað nánar.

6. Erindi frá vígslubiskup á Hólum.

Óskað er eftir heimild fyrir stöðu ritara við embættið. Framkvæmdanefnd sér sér ekki fært að verða við erindinu.

7. Önnur mál

Næsti fundur nefndarinnar verður mánudaginn 17. Október n.k. kl. 9 í Katrínartúni 4.

Fundarritari: Birgir Gunnarsson